

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 377. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 11. janúar 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 178. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum með lið 4.
- 2) Fundargerð íþrótta- og æskulýðsnefndar, dags. 27. nóvember 2023.
- 3) Fundargerð menningarnefndar, dags. 12. desember 2023.
- 4) Fundargerð 16. fundar öldungaráðs, dags. 12. desember 2023.
- 5) Fundargerð stjórnar FSS, dags. 30. nóvember 2023.
- 6) Fundargerð 210. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 18. september 2023.
- 7) Fundargerð 187. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 4. desember 2023.
- 8) Fundargerð 178. fundar stjórnar SSV, dags. 29. nóvember 2023.
- 9) Fundargerðir 939. og 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember og 15. desember 2023.
- 10) Fundargerð 459. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 8. desember 2023.
- 11) Bréf frá Eyrbyggjasögufélaginu, dags. 28. desember 2023, varðandi gerð Eyrbyggjusögurefils á Snæfellsnesi 2024.
- 12) Tillögur að nafni á húsnaði Félags eldri borgara að Ólafsbraut 23.
- 13) Erró listaverk. Val á tillögum að verki.
- 14) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. janúar 2024, varðandi sæluhúsið á Fróðárheiði.
- 15) Bréf frá Ragnari Má Ragnarssyni, dags. 29. desember 2023, varðandi uppsögn á starfi.
- 16) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. desember 2023, varðandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.
- 17) Bréf frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 15. desember 2023, varðandi breytingu á útsvari 2024, ásamt bréfi Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, til ráðuneytisins þar sem útsvarsprósenta Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 er staðfest.
- 18) Minnisþingar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 9. janúar 2024
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 178178. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. janúar 2024
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Halldór Kristinsson, Kristjana Hermannsdóttir, Magnús Eiríksson, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Hraunás 14_Umsókn um byggingarlóð - 2312011

Jón Heiðar Ólafsson sækir um byggingarlóð að Hraunási 14. Fyrirhugað er að byggja þar 160 fin timburhús klætt bárujárni með steiptum kjallara og hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar að Hraunási 14.

Samþykkt

2. Hafnarsvæðið í Rífi_Deiliskipulagsbreyting - 2312010

Lögð er fram tillaga af óverulegri breytingu á deiliskipulagi Rífshafnar. Tillagan felur í sér breytingar á byggingarreitum og lóðarmörkum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og leggur til við bæjarstjórn að tillaga verði kynnt sem óveruleg breyting deiliskipulags Rífshafnar í samræmi við 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirkomulag bilastæða verði samhæft fyrir fund bæjarstjórnar og lina dregin milli Smíðjugötu 3 og Melness 4.

Samþykkt

3. Ennisbraut 42 - Umsókn um byggingarheimild fyrir endurbyggingu og stækkun húss á lóð - 2308002

Umsókn Rabba ehf. um leyfi til að endurbyggja og stækka hús sitt að Ennisbraut 42 var tekin fyrir á 175. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar í október 2023. Erindinu var frestað og óskað eftir umsögn Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs vegna staðsetningar hússins. Umsagnir kynntar.

Á 175. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar var erindinu frestað og óskað eftir umsögnum Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs. Í svari Veðurstofu Íslands er vísað í reglugerð 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Þar segir m.a. í gr. 21: Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna. Það er því heimilt skv. reglugerðinni að byggja við húsið og nýta það áfram sem vörugeymslu. En reglugerðin heimilar ekki aðra notkun með meiri viðveru fólks.

MPG

JTR M.K.

F77
M.E.
H.H.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggst því ekki gegn fyrirhugaðri uppbyggingu en bendir á að þrátt fyrir að heimilt sé að byggja við húsið á þessum stað gæti verið skynsamlegt að beina slíkri uppbyggingu frekar á örugg svæði eins og stefnt er að í aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Samþykkt

4. Brúarholt 9 - Leikskólinn Krílakot_ Umsókn um byggingarleyfi vegna stækkunar húsnæðis - 2302008

Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi vegna 100 fm viðbyggingar við Leikskólann Krílakot, Ólafsvík.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að viðbyggingu verði hliðrað til suðvesturs og að umferðarskipulag verði endurskoðað með áherslu á öryggi barna. Málið verði grenndarkynnt fyrir eigendum Brúarholts 8 og Engihliðar 18. Skilyrði byggingarreglugerðar verði uppfyllt.

Samþykkt

5. Útnesvegur 574_Ósk um lækkingu umferðarhraða við Stóra- og Litla Kamb - 2312001

Lagt er til af svæðisstjóra Vegagerðarinnar, Vestursvæðis að hámarkshraði á vegi 574 við bæina Stóra-Kamb, Litla-Kamb og Gröf sé lækkaður niður í 70 km/klst á 1.700 metra kafla vegna nálægðar byggðar við veg. Lækkingu umferðarhraða felur í sér aukid umferðaröryggi vegfarenda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lækkaðan hámarkshraða við Stóra-Kamb og Litla-Kamb en telur ekki þörf á lækkuðum hámarkshraða við Gröf.

Samþykkt

6. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

1. Iðnaðarsvæði við Dalbraut byggingarlóðir - Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að athafnarsvæði AT-3 við Dalbraut verði stækkað sunnan Dalbrautar 2 samhliða breytingum aðalskipulags og nýs deiliskipulags við Dalbrekku.

2. Kvartanir vegna lyktarmengunar við Klumbu - Komið hafa fram kvartanir vegna lyktarmengunar og úrgangs sem er losaður fram af bökkum frá Klumbu. Augljóst er að lyktarmengun kemur í veg fyrir uppbyggingu á svæðinu og eftirspurn eftir lóðum engin sökum þessa. Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild að hafa samband við rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlit með úrbætur í huga.

3. Sæluhúsið á Fróðárheiði - Erindi til bæjarstjórnar


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Kristhina Hermannsdóttir
Flugfélagið Tarnu
Masunir Eiríksson


Hildur Gunnarsdóttir

Halldór Póll Gunnarsson

Matthias Póll Gunnarsson



1 Hæð 1
1 : 100



TEIKNING / VINNSLU
EKKI TIL NOTKUNAR Á BIODAGSÁRSVEGI

By Room Name Legend

- Anddyr
- Eðhús
- Félagið
- Gangur
- Geymsli
- hnt.
- Leikskólaheiti
- Leikstofa
- Matarvagnar
- Rásem
- Rásling
- Starfsfolk
- Undirbúningur
- VS

Krílakot leikskóli
Kringvegur
Brúahlíð 9

Stækkun

Lendnúmer: 132825 Stæðingnúmer: XXXX-X-XXXXXXX





Aðaluppdráttur
Grunnmynd

Heiti átt:	Hönnun	Matsvæði:	
Tilvaka af:	Autor	Málsvæði:	1 : 100
Yfirvaka af:	Chef	Dagsetning:	27.12.2024
Sambær:			


Snaflfélisbær
Hennilung - Stakur - Land
Sinnunum - Faxunur
Næring - Heimsida

00-00 - - - A 005 Útgáf

Þessi teikning er aðeins til notkunar á stafrænum myndum.




TEIKNING / VINNSLU
 EKKI TIL NOTKUNAR Á STÓÐGANGSVEGI




Útg.	Dagur	Skyring	Br. #
Verkefni:			
Kriðakot leikskóli			
Hemilsgang:			
Bridarholt 9			
Verftingund:			
Stækkun			
Landnumur: 132825			
Staðgröfnr.: XXXX-X-XXXXXXX			
Unnemed			
Hannað af: Horun			
Málshluti:			
Tollana af: Annar			
Málsvæði: 1:100			
Virfandi af: Check			
Dagsetning: 27.12.2024			
Samþykkt:			
Straffelsbær			
Hemilsgang - Staður - Land			
Sinnunumer - Faxnumur			
Kortnúmer			
Nafn - Heimilis			
Nafn - Heimilis			
00-00			
006			


00-00 - 006




1 3D 1



2 3D 2



3 3D 3



4 3D 4

TEIKNING / VINNSLU
EKKI TIL NOTKUNAR Í BYGGINGAÁSVÆÐI



Útg.	Þag.	Skyring	Br. #:
Verkefni			
Krflakot leikskóli			
Heimilding			
Brúarholt 9			
Verkefngund			
Stækkun			
Landnúmer	132826	Staðgengi	XXXX-XXXXXXX
Aðaluppdráttur þrívídd			
Heimild af:	Hönnun	Málshálf:	
Teknað af:	Aður	Málsvæði:	
Yfirráð af:	Chóðer	Dagsetning:	27.12.2024
Samþykkt			
Staðfest þær			
Heimilding - Stöck - Land			
Heimilding - Fanzóner			
Neting - Heimasíða			
Verkunúmer	00-00	Swæð	A 003
Utgáfa			

00-00 - A - 003

Utgáfa

Íþróttta- og Æskulýðsnefnd

101. fundur – 27. nóvember 2023 kl 17.30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir
Patryk Zolobow
Margret Vilhjálmsdóttir
Guðrún Eva Bjarkadóttir
Gylfi Freyr Karlsson
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)

Formaður setti fundinn.

1. Heilsuvikan 2023
Heilsuvikan gekk vel og mæting góð á alla viðburði. Tilgangur hennar er að sýna bæjarbúum hvað er í boði í bænum okkar og voru margir sem prófuðu eitthvað nýtt á meðan henni stóð. Fyrirlestrarnir hafa aldrei verið jafn vel sóttir og í ár. Samstarf með HSH gekk vel, fengum fleiri fyrirlestra fyrir minni pening.
2. Líkamsræktartæki
Áframhaldandi umræður um líkamsræktartæki utandyra. Kristfríður á fjármagn eftir sem var styrkur v./ heilsuefandi samfélag og kom með hugmynd um að nýta þann styrk í líkamsræktartæki utandyra. Einnig ætlar hún að kanna styrk frá ÍSÍ sem er ætlað í Heilsuefandi samfélag. Hún ætlar að skoða úrval og gæði en ræða einnig við umhverfis- og skipulagsnefnd um staðsetningar. Spurning hvort einhver félög vilji taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Annað:
Umræður um framtíð íþróttahússins á Hellissandi

Fundi slitið klukkan 18:45

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Priðjudagur 12. desember 2023 – Ráðhús Snæfellsbæjar.

Fundur settur: 16:30

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Marisbil
Katrín Guðmundsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

1. Jólahús Snæfellsbæjar
 - a) Setja inn auglýsingu: Heimir.

2. Fyrirspurn frá Hollvinafélagi pakkhússins
 - a) Umsókn um styrk frá Húsafriðunarnefnd vegna viðhalds á Pakkhúsinu.
 - b) Jákvætt tekið í erindið.

3. Fjármál nefndarinnar rædd

4. Erró listaverk
 - a) Listaverkin sem koma til greina skoðuð.

Fundi slitið – 17:10.

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 16. hjá Öldungaráði sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar þriðjudaginn 12. desember 2023 kl 14,00.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Einnig voru mættir á fundinn Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar og Sveinn Þór Elinbergsson forstöðumaður félags og skólaþjónustu Snæfellinga.

Ólafur formaður setti fund og stýrði. Hann bauð fundarmenn velkomna og gaf hann síðan Kristni orðið en hann var beðinn um að koma á fundinn.

Mál 1: Kristinn skýrði frá verkefni sem hefur fengið titilinn „Gott að eldast betra líf“. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli sveitarfélaga á Snæfellsnesi og ríkisins. Það felur í sér að samþætta ma heilsueflingu, heilsugæslu, félagslíf og fleira. Stofnaður hefur verið starfshópur um verkefnið og búið er að ráða tvo verkefnastjóra og gerður verður tímarammi sem unnið verður eftir. Að því loknu verður niðurstaðan kynnt.

Þetta verkefni tengist líka saman við Heilsueflandi samfélag sem Alma Möller kom á í samstarfi við Snæfellsbæ fyrir á árinu og farið er að vinna eftir. Þar var skipuð nefnd sem þegar hefur hafið störf.

Umræður urðu um málið og fundarmönnum var efst í huga heilsugæslan hér á svæðinu ma læknamálin sem ekki hafa verið í nægilega góðu standi. Þá var ekki síst rætt um nauðsyn þess að sjúkráþjálfun væri samþætt eins og kostur er. Rætt um nauðsyn þess að hann starfi hér í bæjarfélaginu.

Kristni var þökkúð góð yfirferð um þetta viðamikla verkefni og þakkað fyrir komuna á fundinn.

Mál 2: Ólafur Hlynur formaður lagði fyrir fundinn svohljóðandi áskorun:

„Undanfarna vetur hafa eldri borgarar, meðal annara, rætt nauðsyn þess að hreinsa betur snjó af gangstéttum við umferðamestu götur í bæjarfélaginu til að auðvelda notkun þeirra. Öldungaráð beinir því þeirri áskorun til stjórnanda Áhaldahúss Snæfellsbæjar að hugsa til gangandi vegfarenda og hreinsa, salta og/eða sandbera helstu gangstéttar bæjarins í vetur, ef þannig aðstæður (klaki eða snjór) skapast.

Það reynist oft afdrífarikt fyrir eldri borgara að detta og brjóta bein. Hjá þeim grær seinna en hjá þeim yngri”.

Umræður fóru fram um málið á meðal fundarmanna og tóku allir undir áskorunina. Samþykkt var að vísa þessu til bæjarstjóra og áhaldahúss Snæfellsbæjar.

Mál 3: Sveinn Þór Elinbergsson upplýsti fundarmenn um aksturþjónustu. Að markmiðið sé að efla aksturþjónustu við þá eldri borgara, sem þurfa á þeirri þjónusta að halda í umdæmi félagsþjónustunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,45.

Pétur Steinar Jóhannsson

Fundarstaður: Teams
Dagsetning: Fimmtudaginn 30. nóvember, 2023
Fundartími: Kl. 09.30

Boðaðir: *Stjórn FSS; Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Auk þeirra sátu fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2 þau Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar og umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS og Þór Örn Jónsson, bæjarritari Sveitarfélagsins Stykkishólms.*

1. Niðurstaða endurmats á starfsviðfangsefnum JHH

Forstöðumaður gerði stjórn grein fyrir niðurstöðu endurmats á starfsumfangi JHH, s.s. ákveðið var við upphaf starfs hans í starfrækslu þjónustuíbúðakjarnans samhliða starfi fagstjóra þjónustu FSS við einstaklinga með fötlun. Þá gerði forstöðumaður grein fyrir kostnaði við breytt fyrirkomulag. Tillaga forstöðumanns um breytta skipan starfs JHH frá og með 1. janúar n.k. samþykkt og forstöðumanni falin gerð nýs ráðningarsamnings við JHH samhliða öðrum ráðstöfunum verkefna í kjölfarið er taki gildi frá sama tíma.

2. Fjárhagsáætlun FSS 2024

Forstöðumaður lagði fram til umræðu og afgreiðslu tillögu að fjárhagsáætlun Félags- og skólajónustu Snæfellinga rekstursárið 2024.

Farið var yfir einstaka liði og heildarkostnaðarframlög sveitarfélaganna. Á árinu 2023 jukust tekjur sökum breyttrar kostnaðarskiptingr milli ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokks þjónustu við fólk með fötlun en uppgjóri uppsafnaðs umframkostnaðar sveitarfélaga er þó ekki lokið. Fjárhagsáætlun er því sett fram með fyrirvara um að breytingar gætu orðið vegna samningaviðræðna Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins.

Tillaga um að verðgildi klst.einingar NPA samnings hækki um 20%; úr 3.220 í 3.864 kr klst samþykkt samhliða

Fjárhagsáætlun með áorðinni breytingu samþykkt samhliða

3. Drög að reglum FSS að akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldri borgara.

Forstöðumaður lagði fram og kynnti drög að reglum um akstursþjónustu sveitarfélaganna, annars vegar fyrir fólk með fötlun, - á grundvelli 29. gr. sem og X. kafla laga nr. 40/1991; sem og 20. gr.

samings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ennfremur lögum um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með síðari breytingum og hins vegar reglur um akstursþjónustu við aldraða, sbr. ákvæði 29. gr. sem og X. kafla laga nr. 40/1991 með síðari breytingum

Samþykkt samhljóð að fresta umfjöllun og afgreiðslu málsins þar til um mánaðarmótin janúar – febrúar n.k.

4. Önnur mál

- a) Forstöðumaður greindi frá því að ekki hafi enn tekist að ráða sálfræðing til starfa.
Hann hafi því samið við Ingu Stefánsdóttur, fráfarandi sálfræðing FSS, um að taka að sér 2 forgangstilvísanir frá hverjum grunn- og leikskóla um þessi tímamót. Stefnt er að áframhaldandi auglýsingum á útmánuðum næsta árs. Ef ekki rætist úr ráðningu nýs sálfræðings á næstu misserum kemur til álita að leita þjónusta annarra fagaðila.
- b) Forstöðumaður greindi frá formlegum viðræðum við Velferðarsvið Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar um stofnun sameiginlegrar barnaverndarþjónustu þessara sveitarfélaga, sbr. ákvæði nýrra laga um barnaverndarþjónustu. Gert ráð fyrir að Borgarbyggð yrði „leiðandi sveitarfélag“. Samningur verður endurskoðaður að 2 árum liðnum. Þegar endanleg samningsdrög liggja fyrir verða þau send aðildarsveitarfélögu FSS til umfjöllunar og samþykktar sem og viðkomandi ráðuneytis.
- c) Erindi Lionsklúbbs Ólafsvíkur um tímabundna aðstöðu í húsnæði FSS að Ólafsbraut 19, fyrir leikfangahappadrættisútsýningu og flugeldasölu, frá 2. viku desember fram á Þrettándann Samþykkt að fela forstöðumanni afgreiðslu erindis.
- d) FSS mun verða gestgjafi vorfundar Félags stjórnenda Velferðarþjónustu sveitarfélaga í maímánuði næsta árs.

Fundi slitið kl. 12.40

Fundargerð ritaði Sveinn Þór Elinbergsson



BREIÐAFJARÐARNEFND

218. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. september 2023, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Karl Kristjánsson, Sigurður Halldór Árnason, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir og varamaður Arnheiðar, Ólafur Helgi Haraldsson, forfölluðust.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 13.05.

1. Fundargerð 217. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 217. fundar nefndarinnar sem var haldinn 28. og 29. ágúst 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Deiliskipulagslýsing í landi Ljárskóga nr. 0519/2023

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni frá Dalabyggð vegna deiliskipulagslýsingar fyrir blandaða byggð í landi Ljárskóga.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn.

Nefndin ákvað að gera nokkrar breytingar á drögunum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun uppfæra drögin og senda þau nefndafólki til staðfestingar.

3. Deiliskipulag Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd veitti umsögn til Grundarfjarðarbæjar árið 2022 vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Skerðingsstaða.

Deiliskipulagið var samþykkt af hálfu sveitarfélagsins Grundarfjarðarbæjar í ágúst 2023 með 13 skilyrðum.

Afgreiðsla:

Skilyrði sveitarfélagsins Grundarfjarðarbæjar við skipulag Skerðingsstaða lögð fram til kynningar.

4. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2022

Unnið hefur verið að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2022.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkti starfsskýrsluna á fundinum og mun óska eftir fundi með ráðherra til að afhenda honum skýrsluna.

5. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð – staða verkefnis

Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð hefur verið í ferli síðan 2021. Náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum vinna verkefnið.

Breiðafjarðarnefnd ræddi um stöðu verkefnis á síðasta fundi í ágúst og ákveðið var að Sigurður H. Árnason, nefndarmaður og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, kynni stöðu verkefnisins á næsta fundi.

Afgreiðsla:

Sigurður Árnason sagði frá stöðu verkefnisins af hálfu Náttúrustofu Vestfjarða en hann hefur ekki rætt málið við samstarfsaðilann, Náttúrustofu Vesturlands. Sigurður mun ræða verkefnið við Náttúrustofu Vesturlands og upplýsir Breiðafjarðarnefnd á næsta fundi.

6. Landslagssamningur Evrópu og verndarsvæði Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd ræddi um landslagssamning Evrópu á síðasta fundi og ákvað að skoða samninginn milli funda.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar fór með nefndarfólki yfir helstu greinar samningsins sem hafa þýðingu fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar. Í kjölfarið var rætt um samninginn og möguleika sem felast í honum.

Ákveðið var að ræða málið áfram síðar í haust.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður 20. nóvember, kl.10.30, í Stykkisólmi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.

Fullgild rafraen undirskrift

PORSTEINN NARFASON

Kennitala: 200366-5069
2023-12-06 18:18:04 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

TRAUСТИ GYLFASON

Kennitala: 300964-4949
2023-12-06 18:18:56 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979
2023-12-06 18:45:23 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON

Kennitala: 240105-3179
2023-12-06 19:03:44 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AUÐUR KJARTANSDÓTTIR

Kennitala: 230891-2309
2023-12-06 20:36:28 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON

Kennitala: 261087-3599
2023-12-07 09:13:49 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Kennitala: 220465-5009
2023-12-08 09:25:35 GMT
Astæða: Undirskrift



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

187. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams, mánudaginn 4. desember 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. **Ársskýrsla heilbrigðiseftirlits Vesturlands.**
Ársskýrslan 2022 var lögð fram.

2. **Lífland Kornmylla á Grundartanga**

Lagt fram erindi Líflands dagset 31. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd taki upp fyrri ákvörðun um að ekki sé unnt að afgreiða starfleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Málið var síðast á dagskrá nefndarinnar 3. október 2023.

Lögð voru fram ýmis gögn í málinu sem fylgdu umsókninni ásamt umsögnum sem óskað var eftir um málið.

Málinu er vísað frá þar sem meira en ár er liðið frá því að Líflandi var tilkynnt um ákvörðun heilbrigðisnefndar að vísa málinu frá með tilvísun í 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

3. **Tillögur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.**

Skýrsla starfshóps UAR um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum var lögð fram. Einnig var lögð fram bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi um skýrsluna. Málinu var frestað á síðasta fundi. Eftirfarandi er slóð á skýrsluna.

https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/URN_Fyrirkomulag_eftirlits_Vefur.pdf

Heilbrigðisnefnd tekur undir bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Málinu er í framhaldi vísað til stjórnar SSV og Kjósarhrepps til umfjöllunar.

4. **Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar**

4.1 Dóra Gunnrún Guðmundsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir litla snyrtivöruframleiðslu í veiðihúsinu Prándargili Laxárdal, Dalabyggð. Leyfið var gefið út 9. nóvember 2023 og gildir í 12 ár.

4.2 Hafnarbúðir ehf. Sækja um starfsleyfi fyrir lítið gistiheimili að Grundargötu 12 í Grundarfirði. Um er að ræða þrjár íbúðir fyrir tvo dvalargesti í hverri íbúð. Leyfið var gefið út 10. Nóvember s.l og gildir í 12 ár.

4.3 KM Þjónustan ehf. í Búðardal, sækir um breytingu á starfsleyfi vegna sölu á matvælum. Fyrir var starfsleyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði. Leyfið var upphaflega samþykkt 3. janúar 2022 og gildir í 12 ár.

4.4 Símenntun Vesturlands sækir um starfsleyfi fyrir kennslurými að Smiðjuvöllum 28, Akranesi. Leyfið var gefið út þann 22. nóvember 2023 og gildir í 12 ár.

4.5 Verpill ehf. sækir um starfsleyfi fyrir lítið gistiheimili að Brákarbraut, 11 Borgarnesi. Leyfið var gefið út 23. nóvember 2023 og gildir í 12 ár.

- 4.6 Reykjagarður hf sækir um starfsleyfi fyrir alifuglabú að Miðskógi Dalabyggð. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins og engar athugasemdir bárust. Gefið út 30. nóvember og gildir í 12 ár.
- 4.7 Anna María Þórðardóttir, fótaaðgerðarfræðingur á Stillholti 16-18 á Akranesi. Nýtt leyfi gefið út 1. desember 2023 og gildir í 12 ár.

Ofangreind leyfi voru lögð fram.

- 4.8 OR-Andakílsárvirkjun- Tímabundið leyfi fyrir haugsetningu setefnis í landi innan Borgarbyggðar. Leyfið auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins og engar athugasemdir bárust. Umhverfisstofnun og Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar gera ekki athugasemdir við framkvæmdina.
Þar sem framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir og því óljóst hvernær starfsemin hefst er útgáfu starfsleyfis frestað.

5. Umsagnir til sýslumanns

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 5.1 Erla Berglind Einarsdóttir f.h Cabin & art ehf sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús að Stóruborg 2 í landi Eskiholts II í Borgarbyggð. Neikvæð umsögn var send þar sem skipulag heimilar ekki gististarfsemi í húsnæðinu.
- 5.2 Þorsteinn Magnússon f.h. Frúarstígs 1 ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, í frístundahúsi að Birkilundi 8 í Helgafellssveit. Neikvæð umsögn var send þann 6. nóvember þar sem skv. fyrirbyggjandi gögnum liggur ekki fyrir hvort starfsemin samræmist skipulagi.
- 5.3 Kolfinna Snæbjörg Haraldsdóttir f.h. Vetrarþjónustunnar ehf. sækir um leyfi til reksturs gististað í flokki II, í frístundahúsi að Jaðri 2 á Arnarstapa. Neikvæð umsögn var send þar sem afstaða tæknideildar Snæfellsbæjar liggur ekki fyrir vegna skipulags.
- 5.4 Sæmundur Runólfsson f.h. Hafnaríbúða ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II í þremur íbúðum að Grundargötu 12 í Grundarfirði. Jákvæð umsögn var send þann 10. nóvember 2023.
- 5.5 Kristinn Arnarsson f.h. RK ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, í frístundahúsi að Hafnarskógi 73, í landi Hafnar Hvalfjarðarsveit. Neikvæð umsögn var send 8. nóvember 2023 þar sem ekki liggur fyrir hvort starfsemin samræmist skipulagi.
- 5.6 Stefán Jónsson f.h. Mínú sf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús að Móum 4 Arnarstapa. Neikvæð umsögn var send þar sem afstaða tæknideildar Snæfellsbæjar liggur ekki fyrir vegna skipulags.
- 5.7 Verpill ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C minna gistiheimili að Brákarbraut 11 Borgarnesi. Jákvæð umsögn var send þann 23. nóvember 2023.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 5.8 Karl Birgir Örvarsson sækir um tækifærisleyfi vegna sviðaveislu og dansleik íþróttahúsinu Laugum í Sælingsdal, Dalabyggð þann 27. október 2023. Jákvæð umsögn var send þann 25. október 2023.
- 5.9 Hulda Ósk Guðbjörnsdóttir sækir um tækifærisleyfi- tímabundið áfengisleyfi fyrir viðburð á veitingastaðnum Lighthouse Restaurant, Kirkjubraut 8, Akranesi þann 27.-29. október 2023. Jákvæð umsögn með skilyrðum var send þann 27. október 2023.

- 5.10 Ungmennafélagið Dagrenning sækir um tækifærisleyfi vegna Sviðaveislu og hagræðingakvölds í félagsheimilinu Brautartungu í Lundareykjardal 18. nóvember 2023. Jákvæð umsögn var send þann 14. október 2023.
- 5.11 Rigg ehf. sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna „Friðrik Ómar jólatónleikar“ þann 25. nóvember 2023 í Hjálmakletti Borgarbyggð. Jákvæð umsögn var send þann 14. nóvember 2023.
- 5.12 Nemendafélag LBHÍ sækir um tækifærisleyfi vegna „Árshátíðar nemendafélags LBHÍ“ þann 18. nóvember í Lyngbrekku Borgarbyggð. Jákvæð umsögn var send með skilyrðum þann 15. nóvember 2023.

Ofangreind mál voru lögð fram.

6. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 6.1 Varmaland, breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, íbúðarsvæði verður verslunar- og þjónustusvæði. Lýsing unnin af Landslag. Umsögn send 23. október 2023.
- 6.2 Laxárbyrgi veiðihús við Langá. Lýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi. Lýsing unnin af Landslagi. Umsögn send 23. október 2023.
- 6.3 Frístundabyggð Eskiholtsskógi. Lýsing á deiliskipulagstillögu unnin af Landlínun. Umsögn send 15. nóvember 2023.
- 6.4 Miðgarður í landi Miklagarðs/Ánastaða Borgarbyggð. Lýsing deiliskipulagstillögu fyrir lóðina. Skipulagslýsing unnin af Organ arkitektúr. Umsögn send 23. nóvember 2023.
- 6.5 Ásendi 12, Húsafelli. Deiliskipulagsbreyting unnin af Landslagi ehf. Umsögn send 27. nóvember 2023.

Dalabyggð.

- 6.6 Áform um skógrækt í landi Ljárskóga í Dalabyggð. Greinargerð um verkefnið unnin af Ríkey Ástu Þorsteinsdóttur og Valdimar Reynissyni. Umsögn send 20. október 2023.

Akranes.

- 6.7 Dalbrautarreitir norðurhluti. Lýsing á breytingu deiliskipulags. Lýsing unnin af Teikna – Teiknistofu Arkitekta. Umsögn send 30. október 2023.

Sveitarfélagið Stykkishólmur

- 6.8 Frístundabyggð og verslun og þjónusta í landi Saura 9 (Vigraholt og Vigrafjörður) Skipulagslýsing unnin af Arkís arkitektar. Umsögn send 15. nóvember 2023.

Grundarfjarðarbær

- 6.9 Breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Framnes og hafnasvæði norður. Tillaga unnin af Eflu verkfræðistofu. Umsögn send þann 23. nóvember 2023.

Reykjavík

- 6.10 Tindstaðir Eilífsdal, Kjalarnesi. Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag fyrir hæsnabú. Skipulagslýsing unnin af umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Umsögn send 15. nóvember 2023.

Ofangreind mál voru lögð fram.

7 Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7.1 Orkuveita Reykjavíkur- vatns sf. Staðfesting á skráningu fyrir niðurrif mannvirkja. Hreðavatnsland, Borgarnesi. Auðkenni skráningar 374042.

7.2 Björgunarsveitin Lífsbjörg. Staðfesting á flugeldasýningu í Ólafsvík. Auðkenni skráningar 376228.

Ofangreind mál voru lögð fram.

8 Nýjar samþykktir sveitarfélaga

8.1 Samþykkt Snæfellsbæjar um meðhöndlun úrgangs.

8.2 Samþykkt Grundarfjarðar um meðhöndlun úrgangs.

Framkvæmdastjóra falið að gera athugasemdir við ofangreindar athugasemdir í samræmi við umræðu á fundinum.

9 Önnur mál

9.1 Lögð fram til kynningar vöktunaráætlun Brims hf. vegna viðtaka fráveitu dagsett í október 2023.

9.2 Framkvæmdastjóri lagði fram beiðni um afskriftir krafna.
Heilbrigðisnefnd samþykkir afskriftir skv. fyrirbyggjandi tillögu.

Fundi slitið kl. 17.10

Bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslands vegna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi gera verulegar athugasemdir við skýrslu starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Samtökin telja tillögurnar ekki nægilega vel unnar, rökstuðning vanta og niðurstöðu byggða á veikum grunni, auk þess sem samtökin telja að verulegur skortur hafi verið á samráði við hagaðila, eins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og sveitarfélögin sjálf, við gerð skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram verulegur skortur á skilningi á hlutverki og starfsemi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga þar sem hún einblínir nær eingöngu á hlutverk þeirra við reglubundið eftirlit en tekur ekki til skoðunar margvísleg önnur verkefni þeirra við vöktun umhverfis, umsagnir, ráðgjöf við íbúa og nærþjónustu.

Skýrsla starfshópsins leggur megináherslu á að minnka álögur á fyrirtæki og stofnanir og vitnað er í viðhorf Samtaka atvinnulífsins um mikilvægi hagræðingar og einföldunar í opinberu eftirliti, en ekki er tekið tillit til þarfa sveitarfélaganna eða vitnað í það markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem felast í að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Líklegt er að færsla á öllu eftirliti til stofnanna ríkisins geti haft verulega áhrif á gæði umhverfis og öryggi og heilnæmi íbúa sveitarfélaga þar sem þjónusta færast fjær íbúum. Í nefndaráli umhverfis- og samgöngunefndar vegna breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá árunum 2017 og 2020, kemur fram að nefndin telji að best fari á því að eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni. Hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf.

Þær ábendingar sem fram hafa komið fram munnlega af hálfu ESA um samræmingu á matvælaeftirliti á kjöti og fiski til útflutnings eiga ekki við um eftirlit heilbrigðiseftirlitanna, þar sem slíkt eftirlit er nú þegar í höndum ríkisins í gegnum Matvælastofnun og því bæði ósanngjarnt og órökrétt að ætla að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðiseftirlitanna auki orðspors áhættu á matvælaframleiðslu hér á landi.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi benda á að flestar þær ábendingar sem bent er á skýrslunni snúa ekki að starfsemi heilbrigðiseftirlita á Íslandi, heldur beinast að þeim stofnunum ríkisins sem samkvæmt núgildandi lögum hafa með höndum samræmingu eftirlits. Í þeirri samræmingu felst sú skilda að samræma leyfisútgáfu og leyfisskilyrði um allt landið og tryggja þannig að eftirlit með starfsemi verði háttað með sama hætti um allt land.

Í tillögum starfshópsins eru lagðar fram sjö áherslupunktur sem huga þarf að til úrbóta fyrir opinbert eftirlit og snúa þeir um að tryggja þurfi fjármagn til að þróa upplýsingakerfi, stafræna afgreiðslu umsókna, einfalda regluverk, endurskoða lagaramma og tryggja náið samráð við sveitarfélögin. Að færa verkefni heilbrigðiseftirlitanna undir stofnanir ríkisins leysir ekkert af þessum verkefnum. Allar þessar ábendingar snúa að efla samræmingu og einfalda regluverkið og er það mat Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að skynsamlegast sé að auka fjármagn til þeirra verkefna og gera þá kröfu til stofnanna ríkisins að þær vinni í samræmi við lög og reglugerðir sem um þetta gilda. Þá sé skynsamlegt að ráðuneytin sinni því hlutverki sínu að endurskoða lagaramma, einfalda regluverk og gefa út reglugerðir sem nauðsynlegar eru til heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti unnið að þeim meginmarkmiðum laga að tryggja landsmönnum heilnæmt og ómengað umhverfi.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

178 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 29. nóvember kl.10:00 á Dalahótel, Laugum Sælingsdal.

Mætt voru; Guðveig Lind Eyglóardóttir; Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Ingibjörg Þ. Steinudóttir mætti í forföllum Eyjólfis Bjarnasonar. Guðný Elíasdóttir og Jósef Kjartansson boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að mæta. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð. Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

1. Fundargerð frá 177 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 177 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Gott að eldast

Rætt um verkefnið Gott að eldast og aðkomu SSV að því. Verkefnið snýr að samþættingu öldrunarþjónustu á Vesturlandi, en SSV stóð að umsókn í verkefnið f.h. sveitarfélaganna á Vesturlandi. Umsóknin var samþykkt og sveitarfélögin ásamt HVE eru því aðilar að verkefninu. Stjórn samþykkti að skipa 9 fulltrúa í verkefnisstjórn, en auk þess var samþykkt að ráða Líf Lárusdóttir sem tengilið sveitarfélaganna við verkefnisstjórn Gott að eldast á landsvísi. Stjórn samþykkti að leggja til við samráðsvettvang Sónaráætlunar Vesturlands að framlengja tímabil áhersluverkefnisins

3. Velferðarþjónusta á Vesturlandi

Á fundi stjórnar SSV 4 október s.l. var samþykkt að kalla eftir tilnefningum í vinnuhóp til að skoða tækifæri til aukins samstarfs sveitarfélaga á Vesturlandi í velferðarmálum. Tilnefningar hafa borist frá sveitarfélögunum um þeirra fulltrúa. Stjórn SSV samþykkti að skipa Guðveigu Lind Eyglóardóttur sem formann hópsins. Aðrir í stjórn eru; Sveinborg Kristjánsdóttir frá Akraneskaupstað, Ingveldur Eypórsdóttir Snæfellsnesi, Hlöðver Gunnarsson Borgarbyggð og Jóna Björg Guðmundsdóttir Dalabyggð. Freyja Þöll Smáradóttir Hvalfjarðarsveit er áheyrnarfulltrúi.

4. Spretthópur mönnun á starfsstöðvum HVE á Vesturlandi.

Á Haustþingi SSV 2023 var samþykkt ályktun um að fela stjórn SSV að koma af stað SPRETT hópi sem vinni að því að skoða hvaða leiðir sveitarfélögin í samstarfi við ríkið geti stutt við starfsemi Heilsugæslustöðva á Vesturlandi. Markmiðið er að tryggja stöðugleika og samfellu í viðveru

lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á svæðinu. Hópnum verði falið að útbúa minnisblað til heilbrigðisráðherra þar sem staða heilsugæslunnar og mönnunar á svæðinu verði reifuð ásamt tillögum að úrbótum og aðkomu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Tillagan er að hópinn skipi þrjár fulltrúar frá sveitarfélögunum, tveir þingmenn og tveir frá HVE. Stjórn samþykkti að fulltrúar sveitarfélaganna verði; Kristinn Jónasson, Sigrún Ólafsdóttir og Haraldur Benediktsson.

5. Breiðafjarðarverkefnið

Undanfarið hafa SSV og Vestfjarðastofa unnið að verkefni um forsendugreiningu á vernd Breiðafjarðar og eflingu byggðar við Breiðafjörð. Jafnframt skipaði umhverfis-orku og loftlagsráðuneytið vinnuhóp sem hefur haft yfirumsjón með verkefninu. Búið er að taka saman stöðugreiningu fyrir Breiðafjörðinn, KPMG vann sviðsmyndagreiningu og Vífill Karlsson ráðgjafi hjá SSV vann hagræna greiningu á auðlindum fjarðarins. Eftir er að halda íbúafundi til þess að kynna niðurstöður vinnunnar og væntanlegar tillögur. Eftir fundina verður skýrslu með tillögum um sjálfbæra þróun Breiðafjarðar skilað til ráðherra. Verkefnið kynnt.

6. Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum

SSV, ásamt SSNV og Vestfjarðastofu fengu veglegan styrk úr Byggðaáætlun til þess að vinna tækifæragreiningu í Dalabyggð, Reykhólahreppi, á Ströndum og í Húnaþingi vestra. Markmiðið var að greina tækifæri til þess að efla landbúnað og byggð á þessum svæðum, en erfið stað sauðfjárræktar bitnar hart á þeim. Ráðgjafafyrirtækið Eigið fé vann greininguna. Verkefnið kynnt

7. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Rætt um tillögur vinnuhóps umhverfis-orku og loftlagsráðuneytisins um breytingar á skipulagi heilbrigðiseftirlits. Stjórn samþykkti að boða sveitarstjórnarfulltrúa til fundar um tillögur vinnuhópsins.

8. Samstarf sveitarstjórnarfulltrúa í NV-kjördæmi

Rætt um tækifæri til aukins samstarfs og samráðs sveitarstjórnarfulltrúa í NV-kjördæmi. Stjórn SSV samþykkti að bjóða kjörnum fulltrúum á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra til fundar vorið 2024.

9. Sóknaráætlun Vesturlands

Umsóknarfrestur fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vesturlands rann út 22 nóvember s.l. Alls bárust 126 umsóknir. Lagt er til að starfstími fagráðs og úthlutunarnefndar verði framlengdur til 1 október 2024. Stjórn samþykkti að framlengja starfstíma úthlutunarnefndar til 1 október 2024.

10. Íbúakannanir landshlutanna

Rætt um vinnu við íbúakannanir landshluta og aukið samstarf við innviðaráðuneytið um framkvæmd þeirra. Fram kom að í undirbúningi er samningur á milli SSV og innviðaráðuneytisins um aðkomu ráðuneytisins um framkvæmd íbúakannana.

11. Skýrsla um fjarskiptamál á Vesturlandi

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöður nýrrar skýrslu um fjarskiptamál á Vesturlandi sem unnin var fyrir SSV. Stjórn samþykkti að haldinn verði kynningarfundur um skýrsluna á Teams.

12. Opið fyrir umsóknir í C1 í byggðaáætlun

Búið er að opna fyrir umsóknir um styrki fyrir svæði á landsbyggðinni sem búið hafa við einhæft atvinnulíf og íbúafækkun. Umsóknarfrestur er til 22. Janúar 2024.

13. Dalabyggð

Á fundinn mæta Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri og Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri DalaAuðs og kynna það sem efst er á baugi hjá sveitarfélaginu og hjá DalaAuði.

14. Almannaþingarmál

Bjarki Þorsteinsson óskað eftir, sem formaður almannaþingarnefndar Vesturlands, að ræða mögulega ráðningu starfsmanns við stjórnina. Fram kom hjá Bjarka að fyrir liggur að ríkið muni leggja fjármuni til verkefnisins, en geri jafnframt kröfu um að sveitarfélögin leggi fram sambærilega fjárhæð. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu

15. Framlögð mál

- a. Fundargerðir 936 og 937 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- b. Fundargerð frá fundi stjórnar SASS

Fundi slitið 13:05

Fundargerð 939. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 5. desember kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Rósa Guðbjartsdóttir boðuðu forföll en ekki gafst tími til að boða varafulltrúa þeirra á fundinn þar sem fundurinn var boðaður með stuttum fyrirvara.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Viðræður við ríkið um málefni fatlaðs fólks - 2205032SA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála í viðræðum við ríkið um málaflokk fatlaðs fólks. Að því loknu var tekin ítarleg umræða um málið.

Fundi var slitið kl. 09:20

Fundargerð 940. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 15. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Álfhildur Leifsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar Álfhildur Leifsdóttir mætti í hennar stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson boðuðu forföll en varafulltrúar þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn í þeirra fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Málefni fatlaðs fólks - 2205032SA

Lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Í júlí 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk í ljósi mikillar vanfjármögnunar málaflokksins. Hópurinn var skipaður í framhaldi af vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Hóparnir skiluðu niðurstöðum í maí 2022 sem sýndu umfangsmikinn og vaxandi halla af rekstri málaflokksins frá árinu 2018, en greiningin tók til árána 2018 - 2020. Frá þeim tíma sem sveitarfélög tóku yfir þjónustu við fatlað fólk hafa stjórnvöld og Alþingi tekið stefnumótandi ákvarðanir í málaflöknum í formi setningu laga, reglugerða og framkvæmdaráætlana. Stefnumótunin snýr að framkvæmd og skipulagi þjónustunnar sem hefur bein áhrif á rekstur hennar. Dæmi um slíkar ákvarðanir sem voru jafnframt ekki kostnaðarmetnar á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga:

1. Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
2. reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð
3. reglugerð nr. 1038/2018 um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir
4. reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum

5. reglugerð nr. 1036/2018 um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

6. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangs röðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu

7. Reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Þar komu fram nýjar áherslur um staðsetningu, gerð og stærð húsnæðis fyrir fatlað fólk. Sett var fram krafa um lágmarksstærð húsnæðis og að íbúðir fyrir fatlað fólk skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum byggingarreglugerðar eins og hún er hverju sinni. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk hefur í grunnin tekið mið af fjárhagsramma sem mótaður var út frá skipulagi þjónustunnar þegar hún var á forræði ríkisins. Samið var um stækkun á þeim fjárhagsramma árið 2015. Eftir þann tíma þá hafa verið gerðar meiri háttar laga- og reglugerðarbreytingar eins og listinn hér að ofan sýnir. Þegar þjónustan var á forræði ríkisins var stór hluti skipulags þjónustunnar í formi sambýla sem nú standast hvorki lög né reglugerðir sem tóku gildi eftir að sveitarfélög tóku ábyrgð á þjónustunni. Meira en helmingur útgjalda þjónustunnar eru vegna þjónustu á heimilum fatlaðs fólks og hafa þau útgjöld vaxið mest í krónum talið frá yfirfærslu málaflokksins.

Stefnan sem mynduð hefur verið um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum hefur færst úr sambýlum eða stofnunum í einstaklingsíbúðir. Þessi stefna hefur kallað á aukinn kostnað til að mæta þessum kröfum annars vegar með fjárfestingu í húsnæði og auknum fjölda stöðugilda. Þessi stefna hefur aldrei verið kostnaðarmetin né fjármögnuð af hálfu stjórnvalda og Alþingis. Sveitarfélög hafa verið skilin eftir til að standa undir fjármögnun þjónustunnar sem meðal annars hefur leitt til þeirra niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018.

Starfshópur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur greint málaflokkinn ítarlega og staðfesta niðurstöður hans áframhaldandi mikinn rekstrarhalla. Stafar hann m.a. af því að markaðar tekjur standa ekki undir kostnaði við lögbundnar skyldur sveitarfélaga. Greining starfshópsins sýnir að halli málaflokksins árið 2021 nam 14,2 ma.kr. Til samanburðar nam halli ársins 2022 um 15,1 ma.kr. Framreiknað er áætlað að kostnaður vegna málaflokksins verði um 58 ma.kr. árið 2024 og áætlaðar tekjur miðað við samkomulagið verði um 46,5 ma.kr. Í fyrirliggjandi samkomulagi er bættur kostnaðarauki miðað við árið 2021 vegna mats á fjölgun notenda umfram lýðfræðilega þróun, áhrifa framkominna breytinga á þjónustu á heimili fatlaðs fólks, lögfestingar 15 klst. og almennrar þjónustu við málaflokkinn. Þá felur samningurinn í sér að áfallinn kostnaður vegna NPA samninga er viðurkenndur að hluta. Samanlagt er samkomulagið metið á 11,3 ma.kr. vegna ársins 2024. Vantar þá enn um 12 ma.kr. til að koma rekstrinum í jafnvægi að öðru óbreyttu.

Samkvæmt samkomulaginu er því einungis verið að bæta vanfjármögnun málaflokksins að hluta þar sem ekki er verið að bæta áhrif vegna kjarasamninga, áhrif breytinga á þjónustu við börn með fjölþættan vanda og mikilla þjónustuþarfa við fullorðinna, þ.e. vegna öryggisvistunar. Samtals námu þeir áhrifaþættir 4,8 ma.kr. árið 2021. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast

áfram fullrar leiðréttingar á fjármögnun vegna þessara þátta. Þá hefur sveitarfélögum ekki verið bættur hallinn á málaflóknum 2022 - 2023.

Með hliðsjón af alvarlegri stöðu barna og fullorðinna með fjölþættan vanda harmar sambandið að ekki hafi verið fallist á að bæta kostnaðarauka vegna þjónustu við þann hóp. Sambandið leggur mikla áherslu á að fyrirkomulag þjónustu og fjármögnun hennar vegna þessa hóps verði skýrð í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps skipuðum af mennta-og barnamálaráðherra sem fjallar um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Þeirri vinnu verði lokið í júní 2024 líkt og gert er ráð fyrir í samkomulaginu.

Í samkomulaginu er í 7. grein fjallað um að gerð verði 7 til 10 ára áætlun um að uppfylla þjónustufarfir í samræmi við lög nr. 38/2018, þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir. Áréttað er að áætlunin verði kostnaðarmetin og að fjármagn fylgi auknum þjónustukröfum og nauðsynlegri uppbyggingu húsnæðisúrræða. Ekkert í samkomulaginu felur í sér að horft sé til kostnaðar vegna útrýmingar á biðlistum. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast fullrar fjármögnunar vegna þessara þátta. Þá vill sambandið árétt að ekki hefur farið fram kostnaðarmat á landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks og lögfestingu Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Í ljósi stöðunnar getur sambandið ekki stutt að það mál fái framgang fyrr en búíð er að klára samkomulag um fjármögnun þeirra þátta sem út af standa og kostnaðarmeta landsáætlunina.

Niðurstöður fyrrgreinds starfshóps staðfesta einnig að kostnaður við málaflokkinn muni vaxa mjög mikið á næstu árum og því afar mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni saman að þeim mikilvægu málum sem framundan eru. Sambandið lítur því svo á að samkomulag þetta sé einungis áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun og framtíðarskipulag þjónustu við fatlað fólk.

2. Fundargerð 938. fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 938. og 939. fundar stjórnar sambandsins frá 24. nóvember og 5. desember 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA

Lögð fram fundargerð 49. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 27. september 2023.

4. Starf sviðsstjóra þróunarsviðs - 2310009SA

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu á fundinum um ráðningu í starf sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs, sbr. auglýsingu um starfið 3. október sl. og gerir grein fyrir rökstuðningi með tillögunni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu framkvæmdastjóra og felur honum að bjóða viðkomandi starfið og ganga frá ráðningarsamningi.

5. **Tilnefning nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgang - 2210013SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og yfirlögfræðings sambandsins, dags. 13. desember 2023, um tilnefningu nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Stjórn samþykkir að tilnefna Benedikt Traustason, verkefnisstjóra úrgangsmála hjá Reykjavíkurborg í stað Friðrik Gunnarsson sem hefur látið af störfum.
6. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í desember 2023.
7. **Kjarasamningar - 2301032SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og Félags Íslenskra hljómlistarmanna, og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 14. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Félag Íslenskra hljómlistarmanna og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.
8. **Starfsáætlun sambandsins 2024 - 2312016SA**

Rætt um áherslur stjórnar inn í starfsáætlun stjórnar 2024.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.
9. **PISA 2022 - 2203010SA**

Lögð fram skýrsla Menntamálastofnunar um helstu niðurstöður PISA 2022 á Íslandi, ásamt samantekt um læsi og farsæld 15 ára barna á Íslandi.

Stjórn sambandsins leggur áherslu á mikilvægi þess að markvisst sé unnið úr niðurstöðum PISA könnunarinnar og gripið sé til nauðsynlegra aðgerða. Stjórn sambandsins hvetur barna- og menntamálaráðuneytið til þess að færa niðurstöður PISA í þann búning að þær nýtist sveitarfélögunum til þess að bæta skólastarf og menntun barna.
10. **Minnisblað um frumvarp um grunnrentuskatt og framleiðslugjald á vindorkuver í Noregi - 2302016SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað GB Stjórnsýsluráðgjafar sem unnið var fyrir Samtök orkusveitarfélaga, dags. 20. nóvember 2023, um frumvarp um grunnrentuskatt og framleiðslugjald á vindorkuver í Noregi (Grunnrenteskatt på landbasert vindkraft).
11. **Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - samþykktir - 2009577SA**

Lagt fram að nýju bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 25. október 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum en málið var áður tekið fyrir á 938. fundi stjórnar sambandsins þann 24. nóvember sl. Á þeim fundi var óskað eftir frekari upplýsingum um ástæður breytinga á samþykktum sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóðnum Brú þá er ástæða breytinga á samþykktum tryggingafræðilegur halli sem er tilkominn annars

vegar vegna innleiðingu á nýju reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastræðfræðinga á lífslíkum landsmanna en nú er gert ráð fyrir að lífaldur haldi áfram að hækka og hins vegar vegna slakrar ávöxtunar á árinu 2022. Tryggingafræðileg staða A deildarinnar var neikvæð um 10,8% í árslok 2022 og þar með kominn yfir viðmið laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr nánar 39. gr. laganna. Einnig var áfallin tryggingafræðileg staða V deildar neikvæð á sama tíma um 13,8%. Voru breytingar gerðar á samþykktum sjóðsins í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings.

12. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310020SA

Lögð fram stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023.

13. Fundur stefnumótunarnefndar hagsmunasamtaka sveitarfélaga í Evrópu - 2009035SA

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 12. desember 2023, um fund stefnumótunarnefndar hagsmunasamtaka í Evrópu sem haldin var í Prag 6.-7. desember 2023.

14. Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2312026SA

Lagt fram til umræðu frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Um er að ræða heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem unnin hefur verið með þátttöku sambandsins og hlotið hefur ýtarlega umfjöllun í ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðs og verið kynntar fyrir sveitarfélögum, nú síðast á ársfundi jöfnunarsjóðs, þar sem fram fór umræða um málið. Stjórn sambandsins hefur haft þá stefnu að fjalla heildstætt um breytingar á því regluverki sem gildir um jöfnunarsjóð og án þess að horfa sérstaklega til áhrifa tillagna á einstök sveitarfélög. Í því ljósi telur stjórnin ekki rétt að hún veiti umsögn um umrætt frumvarp.

15. Tilnefning í starfshóp um mótun leiðbeininga um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum - 2311027SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2023, þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd í starfshóp um mótun leiðbeininga um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum.

16. Tilnefning í starfshóp um sameiginlegar starfsstöðvar - 2311028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2023, þar sem Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um sameiginlegar starfsstöðvar.

- 17. Umsögn um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 - Tímabundnar uppbyggingarheimildir - 2311022SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 (Tímabundnar uppbyggingarheimildir), mál nr. S-223/2023.
- 18. Umsögn um landsáætlun um innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks - 2311023SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. S-230/2023.
- 19. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim o.fl. - EES-reglur o.fl. - 2312014SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndar- og greiningarsvið Alþingis, dags. 24. nóvember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr - EES-reglur o.fl., 483. mál.
- 20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir - úrbætur í brunavörnum - 2312005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. desember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (úrbætur í brunavörnum), 542. mál.
- 21. Umsögn um skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu - 2312010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 7. desember 2023, um skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, mál nr. S-238/2023.
- 22. Umsögn um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks - 2312015SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 8. desember 2023, um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, mál nr. S-232/2023.
- 23. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2312011SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. desember 2023, um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 509. mál.

24. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum - raforkuöryggi - 2312024SA

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum vekja athygli stjórnar sambandsins á umsögn samtakana til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 12. desember 2023, um frumvarp til breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), 348. mál.

Fundi var slitið kl. 14:30

Fundargerð 459. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 8. desember kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Satt Restaurant.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 458. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 458. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 17. nóvember 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - 2303002HA

Gert var grein fyrir stöðu málsins en ekki liggur fyrir hvenær málið verður lagt fyrir Alþingi. Vonir standa til að það verði klárað á vorþingi.

3. Fjarvigtun - 2009021HA

Skýrt var frá stöðu málsins en vonir standa til að hægt verði að hefja tilraunaverkefni á næsta ári. Ekki hefur verið ákveðið hvaða hafnir munu taka þátt í tilraunaverkefninu.

4. Öryggismál í höfnum - 2312002HA

Gunnar Tryggvason lagði til að hafnasambandið kæmi að því að útbúa fræðsluefni um öryggismál í höfnum. Jafnframt lagði hann til að hafnasambandið færi í samstarf við Samgöngustofu og Vinnueftirlitið um öryggismál.

<https://www.faxafloahafnir.is/onnur-hafnarthjonusta/>

Stjórn tekur jákvætt í erindið. Formanni og hafnarstjóra Faxaflóahafna falið að ræða við Samgöngustofu og kanna alla möguleika í þessum efnum. Jafnframt er fulltrúum hafnasambandsins í fagráði um siglingamál falið að taka málið upp á þeirra vettvangi.

5. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Formaður gerði grein fyrir því að búið væri að skipa nýja stjórn Úrvinnslusjóðs en að ekkert nýtt væri að fréttu af veiðafærasamningnum.

6. Veðurstofa Íslands - beiðni um aðgengi að veðurmælingum hjá höfnum - 2312001HA

Lagt fram erindi frá Veðurstofu Íslands, dags. 29. nóvember 2023, um beiðni um aðgengi að veðurmælingum á hafnarsvæðum.

Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur hafnir til að vera í samstarfi við Vegagerðina og veita stofnuninni aðgengi að veðurmælingum á hafnarsvæðum.

7. Cruise Iceland og staða skemmtiferðaskipa - 2105003HA

Pétur, formaður Cuise Iceland, gerði grein fyrir umræðu um tollamál farþegaskipa.

8. Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg - óskað umsagnar - 2312003HA

Lögð fram Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg sem var birt í Samráðsgátt 24. nóvember 2023.

Formanni og Birni falið að útbúa umsögn í samvinnu við lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 13:30

Sveitarfélaginu Stykkishólmi, 28. desember 2023

EFNI: Gerð Eyrbyggjusögurefils á Snæfellsnesi 2024. TRÚNAÐARMÁL

Ágæta sveitarstjórn Snæfellsbæjar,

Síðastliðin þrjú ár hefur starfað félag um miðlun Eyrbyggjusögu á Snæfellsnesi. Helsta markmið félagsins er að kynna héraðssögu Snæfellsness, *Sögu Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álftfirðinga*, sem gengur almennt undir nafninu *Eyrbyggja*. Í þeim tilgangi hefur verið efnt til göngu á sögulóðum, námskeið haldið um söguna, fjölsóttir viðburðir þar sem rithöfundar og fræðafólk hefur haldið fyrirlestra tengda sögunni og ný verkefni undirbúin líkt og örnefnaverkefni um Eyrbyggju, refilsaumur Eyrbyggjusögu og sýning byggð á sögunni.

Efni þessa erindis er að leita til sveitarstjórna á Snæfellsnesi um samstarf vegna verkefnisins um „Eyrbyggjusaga myndrefill.“ Myndrefill er miðlun myndefnis í textíl og má sjálfsagt tengja við teiknimyndasögur samtímans en formið býður upp á túlkun bókmenntaarfleifðar Íslendinga á annan hátt en í gegnum texta. Aðgengi og túlkun sagnanna birtist í myndmáli ísaumuðu í textíl með þar til gerðum aðferðum þekktum úr refilsaumi fyrri tíða. Sköpun myndmáls úr Eyrbyggjusögu er frumvinna sem lögð er til grundvallar myndrefilsins sjálfs. Um þessar mundir er stærsta sýning Þjóðminjasafns Íslands nýopnuð á afmælisári safnsins um þennan menningararf sem íslenskur refilsaumur er.

Um mitt ár 2023 var leitað til Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur rithöfundar, myndlistarmanns og refilehönnuðar um samstarf við hönnun refils byggða á Eyrbyggju og Torfa Tulinius prófessor í miðaldabókmenntun við Háskóla Íslands um ráðgjöf í verkefninu.

Samningar tókust um verkefnið og hefur fyrsta hluta af sjö í u.þ.b. 25 metra löngum myndrefli verið afhent félaginu til frekari vinnslu, sjá mynd.



Mynd 1 Berserkjapáttur Eyrbyggjusögu myndrefils.

Refilhlutarnir sjö skiptast þannig:

1. hluti: Landnám & Nýjar kynslóðir taka við & Þórsnesingar og Kjalleklingar takast á & Snorri verður höfðingi kaflar 1.-14.
2. hluti: Máhlíðingamál & Deilur Snorra og Arnkels hefjast kaflar 15.-24.
3. hluti: Berserkjapáttur kaflar 25.-28. **HÖNNUN LOKIÐ**
4. hluti: Þuríður systir Snorra giftist & Þórólfur bægifótur gengur aftur & Arnkell drepinn kaflar 29.-38.
5. hluti: Átök Breiðvíkinga og Álftfirðinga & Ástir Þuríðar og Bjarna kaflar 39.-48.
6. hluti: Kristnitaka & Fróðárundrin kaflar 49.-55.
7. hluti: Snorri á alþingi & Óeirðamenn á Ströndum & Glæsispáttur & Bjarni Breiðvíkingakappi & Snorri deyr kaflar 56. - 65.

Fyrir vorið 2024 verður hönnun fullkláruð og tilbúin til framleiðslu. Framleiðsla felst í áprentun myndefnis á textíl og útsaumi með hinum íslenska refilsaum í efnið og ef væntingar félagsins ganga eftir: Úr ullarþræði af Snæfellsnesi. Væntingar standa til þess að útsaumur geti hafist haustið 2024.

Félagið leitaði eftir samstarfi við öll kvenfélögin á Snæfellsnesi sem eru sjö talsins um þann þátt í verkefninu að halda utan um saumaskap refilsins heima í héraði. Skipti þar engum togum um það að öll voru þau fús til þessa samstarfs og hafa fulltrúar þeirra fundað með félaginu um verkefnið og lýst yfir miklum áhuga um það. Kvenfélögin eru:

- Kvenfélag Hellissands, Kvenfélag Ólafsvíkur, Kvenfélag Staðarsveitar
- Kvenfélagið Liljan Eyja- og Miklaholtshreppi
- Kvenfélagið Gleym mér ei Grundarfirði
- Kvenfélagið Hringurinn Stykkishólmi og Kvenfélagið Björk Helgafellssveit.

Verkefnishugmyndin gengur út á það að kvenfélögin taki saumaskapinn í fóstur, hvert í sinni sveit, á meðan á saumaskap stendur og að áhugasamt saumafólk, heimafólk og gestir, eigi þess kost að sauma spor í refileinn og takan þannig þátt í verkefninu. Þegar saumaskap er lokið verður hægt að hafa refileinn til sýnis í hlutum eða í einu lagi á mismunandi stöðum.

Félagið hefur leitað fjárstyrkja víða og höfum við fundið vinarþel og mikinn áhuga víða um land. Næstu skref í refilsaumsverkefni er að fjármagna næstu hluta sögunnar auk þess að leita styrkja til áprentunar útsaums og vegna efniskostnaðar. Kostnaðaráætlun verkefnisins er 8.680.000 og hefur tekist að fjármagna um 20% af kostnaði verkefnisins með styrkjum, hingað til.

Félagið leitar með þessu bréfi til sveitarfélaga og velunnara *Sögu Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álftfirðinga* um styrk til framleiðslu refsins sjálfs. Reynslan sem safnast hefur við gerð Vatnsdælurefs á Norðurlandi og Njálurefs á Suðurlandi bendir til þess að verkefni sem þetta sé mikilvægt sjálfbóðaliðaverkefni á samfélagslegum grunni, þar sem þátttakendum gefst færi á því að taka þátt í svæðisbundnu framtaki sem eflir staðarvitund og stolt svæðisins yfir sinni sögu sem meðal annars má nýta til frekari uppbyggingar áfangastaða í ferðaþjónustu svæðisins.

Safnast þegar saman kemur, segir máltækið og þannig nálgast Eyrbyggjasögufélagið þetta verkefni því margt smátt gerir eitt stórt.

Með von um jákvæðar undirtektir,



F.h. Eyrbyggjasögufélags

Anna Melsteð

Hvaða nafn leggur þú til?

Höllin Ólafsbraut

Enni

Hreiðrið

Réttin, hús eldri borgara í Snæfellsbæ

Sólvellir

Hreiður

Hjartað

Brimbær

Samkomuhúsið Heim

Samkomuhúsið Ylur

Vinaminni

Öldukot

Gróska

Jöklabær, Jöklaborg eða Ólafsborg

Myglubær

Eilífð

Sólskinsborg

Friðheimar

Snæfellingabúð

Jökla

Félagsborg Eða Kastalinn

Gamla félagsheimilið

Nýgarðar

Snæfell

Borgir

Vinaminni

Vinaminni

Stundarfriður

Bjarmahlíð

Sæluból

Sæból

Sæluból

FJÖR

Gróska

Ungulland

Vík

Glaumbær

Heldriborgarasetrið Berg

Heldriborgarasetrið Snæfell

1. Friðurhús Eldra 2. Ljósheimurheimili 3. Hamingjaheimili 4. Aldurlega Höfn 5. Þjóðhverfi Friðindi

Miðborg

Víkin - Ólafsbraut

Sæluhúsið

Naustið-Naust

friðsæl paradís

Eldri klúbbur

Skemmtunarklúbbur

Rólegt hús

Gamlaborg

Ólsari

Snæfell

Særòs

Fjaran

Brimið

Báran

Silfurvík

Eldriborgir

vagga

Kiddakot

Kidda kot

Brautin

Rjóðrið

VINAMYNNI

SÓLVELLIR

BIFRÖST

Brekubær

Víkurskjól

Silvurskeiðin

Erró listaverkí Ólafsvík í Ólafsvík

Menningarnefnd lagði sitt mat á tillögurnar frá Erró.

Nefndin raðaði þeim í eftirfarandi röð.

Fyrst kemur myndin sem þeim leist best á og svo koll af kolli.

Þau fengu alveg frjálssar hendur og ég sagði þeim ekkert hvaða listaverk Erró hefði helst viljað sjá sjálfur af þessum fjórum tillögum, né hvaða mér fyndist eða ég hefði heyrt frá ykkur og öðrum.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Berist til bæjarstjórnar

Snæfellsbær, 5. janúar 2024
2302015VHK

Efni: Sæluhúsið á Fróðárheiði

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 4. janúar 2024 var ástand sæluhússins á Fróðárheiði rætt undir liðnum Önnur mál. Sæluhúsið hafði þá áður verið rætt á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 2. nóvember 2023.

Nefndin beinir þeirri hugmynd til bæjarstjórnar að mynda samstarf Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og sveitarfélagsins um varðveislu hússins og sögu þess. Húsið er mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og athuga mætti með styrk frá Uppbyggingarstjóði ferðamanna.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. forstöðumanns tæknideildar



Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa



Snæfellsbær

Kristinn Jónasson bæjarstjóri

Klettsbúð 4

360 Snæfellsbæ

Stykkishólmi 29.12.2023

Efni: Uppsögn á starfi

Ég undirritaður, Ragnar Már Ragnarsson kt. 200373-5109, segi hér með upp starfi mínu sem Forstöðumaður tæknideildar / Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

Ástæður þess að ég hugsa mér til hreyfings eru af persónulegum toga og vil ég þakka samstarfsfólki mínu og bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir samstarfið sem hefur verið afar ánægjulegt.

Virðingarfyllst,



Ragnar Már Ragnarsson


Kristinn Jónasson

From: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Sent: mánudagur, 18. desember 2023 14:06
To: Samband íslenskra sveitarfélaga
Subject: Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk
Attachments: Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk ásamt bókunum.pdf

Til allra sveitarfélaga

Meðfylgjandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk sem undirritað var 15. desember sl. er sent til upplýsinga að beiðni Arnars Þórs Sævarssonar, framkvæmdastjóra sambandsins.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

1. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta felur í sér breytingu á fjármögnun lögbundinnar sértækrar þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, frá því sem kveðið var á um í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga dags þann 11. desember 2015 að teknu tilliti til bráðabirgða samkomulags ríkis og sveitarfélaga, dags þann 16. desember 2022.

2. gr.

Ábyrgð á stefnumörkun og þjónustu

Félags- og vinnumarkaðsráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og ber ábyrgð á opinberri stefnumótun málaflokksins. Sveitarfélög bera á hinn bóginn ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, útgjöldum vegna hennar, hagkvæmni og samþættingu.

3. gr.

Fjárhagsrammi og forsendur fjárhagsramma

Fjárhagsrammi lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk verður 1,69% útsvarshlutfall en þar af renna 0,25% til viðkomandi sveitarfélaga en 1,44% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna fatlaðs fólks. Enn fremur renna 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

Forsendur breytinga á fjárhagsramma sértækrar þjónustu við fatlað fólk taka mið af niðurstöðu grein-
ingar starfshóps ríkis og sveitarfélaga um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu vegna þjónustu við
fatlað fólk sem skipaður var í júlí 2022. Þeir þættir sem tekið er tillit til í samkomulaginu eru eftirfar-
andi:

- fjölgun notenda á árunum 2011-2021 umfram það sem áður var ráð fyrir gert og rekja megi til breytinga sem gerðar hafa verið á umgjörð sértækrar þjónustu við fatlað fólk með laga- og reglugerðarbreytingum á undanförunum árum.
- áhrif breytinga á þjónustu á heimilum fólks vegna aukinnar áherslu á sjálfstæða búsetu á árunum 2011-2021.
- lögfesting 15 klst. almennrar þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- aukins kostnaðar vegna NPA samninga. Lagt er til aukið framlag til NPA samninga þannig að 25% hlutur ríkisins í heildarkostnaði 172 samninga telst fullfjármagnaður að meðtöldu því framlagi sem þegar er í frumvarpi til fjárlaga 2024.


Með þessari breytingu á fjárhagsramma lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, er litið svo á að þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar séu endanlega útkljáðir milli ríkis og sveitarfélaga og verði ekki teknir aftur upp á síðari stigum nema til laga- og/eða reglugerðarbreytinga komi með til-
heyrandi áhrifum.

4. gr.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,74%, skal hækkað um 0,23 prósentustig samhliða lækkun tekjuskatts um sam-
svarandi hlutfall í öllum skattþrepum.

Gert er ráð fyrir að hækkan hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall
útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-liðar 8. gr.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature on the left and several smaller initials and names on the right, such as 'AS', 'Jón', 'HRO', and 'GFA'.

a laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 1,21% og skal hlutfallið því hækka um 0,23 prósentustig samhlíða hækkun hámarksútsvars í 1,44%.

Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2024 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2023 eigi síðar en 30. desember 2023 og tilkynna það fjármála- og efnahagsráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

5. gr.

Skipting framlags

Aðilar eru sammála um að hækkun útsvarstekna sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi þessu, verði hluti af framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólki á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um framlög sjóðsins til málaflokksins, sbr. m.a. 2. mgr. 13. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Endurskoðun á fyrirkomulagi og framkvæmd þjónustunnar

Aðilar eru sammála um að gera þurfi breytingar á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk til þess að tryggja sambærilega þjónustu milli sveitarfélaga og betri nýtingu fjármagns. Þetta felst í:

- að staðlað mat á stuðningsþörf (SIS-mat) verði gert að skilyrði fyrir greiðslum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sértækrar þjónustu við fatlað fólk.
- að staðlað mat á stuðningsþörf (SIS-mat) verði lagt til grundvallar ákvarðanatöku sveitarfélags/þjónustusvæðis um þjónustu.
- að einstaklingsbundin áætlun um þjónustu byggji á niðurstöðum staðlaðs mats á stuðningsþörf (SIS-mats).
- að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga samræmi framlög á grunni SIS-A og SIS-C mats, hvort sem er innbyrðis eða á milli kerfa, með tilliti til hlutfallslegs kostnaðar sem að baki þjónustuþáttum í matinu standa. Vinnunni skal lokið fyrir árslok 2024.
- að sveitarfélag/þjónustusvæði fái ekki greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna notenda nema viðkomandi hljóti í reynd þá þjónustu sem verið er að greiða fyrir skv. SIS-mati.
- gert verði mat á stuðningsþörfum (SIS-mat) fatlaðs fólks sem óskar eftir þjónustu á heimilum sínum og er í þörf fyrir almennt eða sértækt húsnæði.
- að unnið verði að laga- og reglugerðarbreytingum vegna NPA samninga í samræmi við tillögur starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018.
- að skilgreindur verði lágmarksfjöldi íbúa bak við hvert þjónustusvæði.

Þá eru aðilar sammála um að farið verði í sérstaka úttekt á framkvæmd þjónustunnar hjá sveitarfélögunum og úthlutun fjármagns hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga m.t.t. hvort framkvæmd þessara þátta sé í samræmi við lög, reglugerðir og almennar kröfur og skilyrði til þjónustunnar.

7. gr.


Búseta og önnur þjónusta

Gerð verði 7–10 ára áætlun um að uppfylla þjónustuþarfir fatlaðs fólks í samræmi við lög nr. 38/2018 þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir. Skoðað verði að breyta lögum nr. 38/2018 og reglugerðum um aukið svigrúm hjá þjónustuveitendum að útfæra þjónustuna eftir aðstæðum á hverju þjónustusvæði og fjármögnunargetu.

8. gr.

Skilvirk og samræmd skráning upplýsinga

Innviðaráðuneytið, félags-, og vinnumarkaðsráðuneytið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands tryggi samræmda gagnaöflun milli sveitarfélaga og þjónustusvæða sem nýtist við opinbert eftirlit með þjónustunni. Komið verði á skilvirkari og samræmdari skráningu upplýsinga um þjónustu og rekstur og gerð verði krafa um að sveitarfélög haldi kostnaði vegna sértækrar þjónustu



skv. lögum nr. 38/2018 aðskildum frá kostnaði vegna almennrar þjónustu skv. lögum nr. 40/1991. Skal þessari vinnu vera lokið eigi síðar en í júní 2024.

9. gr.

Önnur skilyrði

Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að skilgreina fyrirkomulag og ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd þjónustunnar hjá sveitarfélögunum, sem og viðbrögðum ef þjónusta er ekki í samræmi við lög, reglugerðir og almennar kröfur.

Áfram verður unnið að heildarendurskoðun laga nr. 41/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Tryggt verði að allar laga- og reglugerðarbreytingar sem hér eftir verði gerðar og varða málaflokkinn fari í ítarlegt samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga og eftir atvikum sé þá rætt við vinnslu fjármálaáætlunar sbr. 5. og 11. gr. laga um opinber fjármál.

Kannaður verði fýsileiki þess að þriðja stigs þjónusta við börn með fjölbættan vanda og fullorðið fatlað fólk sem þurfa á öryggisþjónustu að halda verði á ábyrgð ríkisins. Þeirri vinnu verði lokið í júní 2024. Líkt og á við um önnur verkaskiptingarmál ríkis og sveitarfélaga þá verði samhliða gerð breyting á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Aðilar þessa samkomulags samþykkja að stofnaður verði sérstakur framtíðarhópur fulltrúa ríkis og sveitarfélaga sem vinnur að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni. Munu ríki og sveitarfélög veita tímabundið framlag til þróunarkostnaðar í þjónustu við fatlað fólk. Það framlag verður háð skilyrðum sem tekur mið af framgangi verkefna og árangri.

10. gr.

Eftirfylgni

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar starfshóp eigi síðar en 1. janúar 2024 með tveimur fulltrúum frá ríki og tveimur frá sveitarfélögum til að hafa umsjón með og fylgja eftir framkvæmd allra þeirra verkefna sem skilgreind eru í þessu samkomulagi.


11. gr.

Fyrirvari


Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar og breytingar á fjárlögum.


Reykjavík, 15. desember 2023


Fyrir hönd ríkisins



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Fjármála- og efnahagsráðherra

Fyrir hönd sveitarfélaga


Heiða Björg Hilmisdóttir
Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga


Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Félags- og vinnumarkaðsráðherra


Arnar Þór Sævarsson
Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga


Sigurður Ingi Jóhannsson
Innviðaráðherra

GH

Bókun fjármála- og efnahagsráðuneytis vegna samkomulags um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk dags. 15. desember 2023.

Þann 23. nóvember 2010 gengu ríki og sveitarfélög frá samkomulagi um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið og fjárhagslegar forsendur þess byggðust á viðtækri undirbúningsvinnu verkefnisstjórnar sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga þar sem unnið var ítarlegt kostnaðarmat á heildarumsvifum málaflokksins. Heildarsamkomulagið, og lagabreytingar sem því fylgdu, fólu sveitarfélögunum að fara eftirleiðis með ábyrgð á málaflokknum, bæði sem þjónustuveitendur og stjórnvöld.

Meginmarkmið tilfærslunnar var að:

- tryggja að eitt stjórnsýslustig bæri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu
- bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnsýslustiga
- styrkja sveitastjórnarstigið
- stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga
- auka möguleika á að laga þjónustuna að þörfum notenda
- tryggja góða nýtingu fjármuna

Tilfærsla þjónustunnar átti sér stað þann 1. janúar 2011 og með þjónustunni fylgdu bæði fjármögnun með varanlegri hækkun á útsvarstekjum og tímabundin bein framlög úr ríkissjóði sem standa áttu undir kostnaði sveitarfélaganna af yfirfærslunni. Þannig áttu heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2011 að aukast um 10,7 ma.kr. samhliða yfirfærslunni. Auk þess var gert ráð fyrir að sveitarfélögin fengju að njóta alls ábata af hagræðingu með samþættingu við félagsþjónustu sem átti að fylgja í kjölfarið. Kostnaðarmatið byggðist á fjárveitingum vegna þáverandi þjónustu og mati á biðlistum í því skyni að meta framtíðarþróun kostnaðar.

Tekjur sveitarfélaganna sem standa áttu undir þjónustunni voru tryggðar með hækkun á útsvarshlutfalli sveitarfélaga um 1,20% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Þar af fóru 0,25% af útsvarshlutfallinu beint til sveitarfélaga en 0,95% fór í gegnum úthlutunarkerfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Einnig var samkomulag um að veita tímabundin bein framlög á fjárlögum á árunum 2011 – 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins í kjölfar bankahrunsins og jafnframt var tryggð fjárveiting vegna aðlögunar og útfærslu þjónustunnar hjá sveitarfélögunum til næstu þriggja ára. Þá var samið um sérstök tímabundin framlög á fjárlögum vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) og vegna uppsafnaðra biðlista eftir þjónustu. Þessu til viðbótar afhenti ríkið sveitarfélögunum endurgjaldslaust allt húsnæðið þar sem starfsemi málaflokksins fór fram en bókfært verðmæti þess var fært til gjalda í ríkisreikningi ársins 2010. Áætlað er að virði húsnæðisins nemi líðlega 4,5 ma.kr. á núverandi verðlagi.

Á árunum 2014-2015 var framkvæmt endurmat að hálfu verkefnisstjórnar sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga á yfirfærslu málaflokksins til samræmis við ákvæði samkomulags sem gert var við yfirfærsluna. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að afla upplýsinga um alla fjárhagslega og faglega þætti sem nauðsynlegir voru til þess að unnt yrði að leggja mat á árangur yfirfærslunnar. Að undan- genginni umfangsmikilli nefndarvinnu og samningaviðræðum milli ríkis og sveitarfélaga var gengið frá endanlegum fjárhagsramma um fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk í árslok 2015. Endanlegur fjárhagsrammi yfirfærslunnar fól því í sér:

- Hækkun á útsvarshlutfallinu í 1,24%
 - 0,25% af útsvarshlutfallinu rann áfram beint til sveitarfélaga líkt og kom til framkvæmda 2011.
 - Jöfnunarframlag sem nam áður 0,95% var varanlega hækkað um 0,04% í 0,99% en hafði verið tímabundið hækkað fyrir árin 2014 og 2015.
- Viðmið um árlegt framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var hækkað um 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins.

ATG
AS
KREA

Bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna samkomulags um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk dags. 15. desember 2023.

Í júlí 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk í ljósi mikillar vanfjármögnunar málaflokksins. Hópurinn var skipaður í framhaldi af vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Hóparnir skiluðu niðurstöðum í maí 2022 sem sýndu umfangsmikinn og vaxandi halla af rekstri málaflokksins frá árinu 2018, en greiningin tók til árána 2018 - 2020.

Frá þeim tíma sem sveitarfélög tóku yfir þjónustu við fatlað fólk hafa stjórnvöld og Alþingi tekið stefnumótandi ákvarðanir í málaflöknum í formi setningu laga, reglugerða og framkvæmdaráætlana. Stefnumótunin snýr að framkvæmd og skipulagi þjónustunnar sem hefur bein áhrif á rekstur hennar. Dæmi um slíkar ákvarðanir sem voru jafnframt ekki kostnaðarmetnar á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga:

- Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð
- reglugerð nr. 1038/2018 um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir
- reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum
- reglugerð nr. 1036/2018 um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu
- reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Þar komu fram nýjar áherslur um staðsetningu, gerð og stærð húsnæðis fyrir fatlað fólk. Sett var fram krafa um lágmarksstærð húsnæðis og að íbúðir fyrir fatlað fólk skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum byggingarreglugerðar eins og hún er hverju sinni.

Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk hefur í grunnin tekið mið af fjárhagsramma sem mótaður var út frá skipulagi þjónustunnar þegar hún var á forræði ríkisins. Samið var um stækkun á þeim fjárhagsramma árið 2015. Eftir þann tíma þá hafa verið gerðar meiri háttar laga- og reglugerðarbreytingar eins og listinn hér að ofan sýnir. Þegar þjónustan var á forræði ríkisins var stór hluti skipulags þjónustunnar í formi sambýla sem nú standast hvorki lög né reglugerðir sem tóku gildi eftir að sveitarfélög tóku ábyrgð á þjónustunni. Meira en helmingur útgjalda þjónustunnar eru vegna þjónustu á heimilum fatlaðs fólks og hafa þau útgjöld vaxið mest í krónum talið frá yfirfærslu málaflokksins.

Stefnan sem mynduð hefur verið um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum hefur færst úr sambýlum eða stofnunum í einstaklingsíbúðir. Þessi stefna hefur kallað á aukinn kostnað til að mæta þessum kröfum annars vegar með fjárfestingu í húsnæði og auknum fjölda stöðugilda. Þessi stefna hefur aldrei verið kostnaðarmetin né fjármögnuð af hálfu stjórnvalda og Alþingis. Sveitarfélög hafa verið skilin eftir til að standa undir fjármögnun þjónustunnar sem meðal annars hefur leitt til þeirra niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018.

Starfshópur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur greint málaflokkinn ítarlega og staðfesta niðurstöður hans áframhaldandi mikinn rekstrarhalla. Stafar hann m.a. af því að markaðar tekjur standa ekki undir kostnaði við lögbundnar skyldur sveitarfélaga.

Greining starfshópsins sýnir að halli málaflokksins árið 2021 nam 14,2 ma.kr. Til samanburðar nam halli ársins 2022 um 15,1 ma.kr. Framreiknað er áætlað að kostnaður vegna málaflokksins verði um 58 ma.kr. árið 2024 og áætlaðar tekjur miðað við samkomulagið verði um 46,5 ma.kr.

Í fyrirbyggjandi samkomulagi er bættur kostnaðarauki miðað við árið 2021 vegna mats á fjölgun notenda umfram lýðfræðilega þróun, áhrifa framkominna breytinga á þjónustu á heimili fatlaðs fólks, lögfestingar 15 klst. og almennrar þjónustu við málaflokkinn. Þá felur samningurinn í sér að áfallinn kostnaður vegna NPA samninga er viðurkenndur að hluta. Samanlagt er samkomulagið metið á 11,3 ma.kr. vegna ársins 2024. Vantar þá enn um 12 ma.kr. til að koma rekstrinum í jafnvægi að öðru óbreyttu.

Samkvæmt samkomulaginu er því einungis verið að bæta vanfjármögnun málaflokksins að hluta þar sem ekki er verið að bæta áhrif vegna kjarasamninga, áhrif breytinga á þjónustu við börn með fjölþættan vanda og mikilla þjónustuparfa við fullorðinna, þ.e. vegna öryggisvistunar. Samtals námu þeir áhrifaþættir 4,8 ma.kr. árið 2021. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast áfram fullrar leiðréttingar á fjármögnun vegna þessara þátta.

Þá hefur sveitarfélögum ekki verið bættur hallinn á málaflokknum 2022 - 2023.

Með hliðsjón af alvarlegri stöðu barna og fullorðinna með fjölþættan vanda harmar sambandið að ekki hafi verið fallist á að bæta kostnaðarauka vegna þjónustu við þann hóp. Sambandið leggur mikla áherslu á að fyrirkomulag þjónustu og fjármögnun hennar vegna þessa hóps verði skýrð í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps skipuðum af mennta- og barnamálaráðherra sem fjallar um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Þeirri vinnu verði lokið í júní 2024 líkt og gert er ráð fyrir í samkomulaginu.

Í samkomulaginu er í 7. grein fjallað um að gerð verði 7 til 10 ára áætlun um að uppfylla þjónustuparfir í samræmi við lög nr. 38/2018, þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir. Áréttað er að áætlunin verði kostnaðarmetin og að fjármagn fylgi auknum þjónustukröfum og nauðsynlegri uppbyggingu húsnæðisúrræða. Ekkert í samkomulaginu felur í sér að horft sé til kostnaðar vegna útrýmingar á biðlistum. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast fullrar fjármögnunar vegna þessara þátta.

Þá vill sambandið áréttá að ekki hefur farið fram kostnaðarmat á landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks og lögfestingu Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Í ljósi stöðunnar getur sambandið ekki stutt að það mál fái framgang fyrr en búið er að klára samkomulag um fjármögnun þeirra þátta sem út af standa og kostnaðarmeta landsáætlunina.

Niðurstöður fyrrgreinds starfshóps staðfesta einnig að kostnaður við málaflokkinn muni vaxa mjög mikið á næstu árum og því afar mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni saman að þeim mikilvægu málum sem framundan eru. Sambandið lítur því svo á að samkomulag þetta sé einungis áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun og framtíðarskipulag þjónustu við fatlað fólk.

Bókun félags- og vinnumarkaðsráðuneytis vegna samkomulags um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk dags. 15. desember 2023.

Í júlí 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp sem falið var að vinna að mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Verkefnum starfshópsins var deilt upp í fjóra meginflokka:

1. Forsendur sem lagðar skyldu til grundvallar við mat á þeim viðbótarkostnaði sem fellur til vegna breytinga á þjónustuskyldum sveitarfélaga í sértækri þjónustu við fatlað fólk frá 2018 til ársloka 2022.
2. Að ríki og sveitarfélög kortleggi og greini fyrirkomulag á skipan sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga og snúa að samspili félags-, heilbrigðis- og menntamála í þjónustu við fatlað fólk.
3. Að ríki og sveitarfélög kortleggi og greini fyrirkomulag við verka - kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þriðja þjónustustigi í þjónustu við fatlað fólk.
4. Að ríki og sveitarfélög kortleggi og greini þau faglegu og fjárhagslegu áhrif sem felast í því að auka gæði í þjónustu á vettvangi við fatlað fólk.

Við mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á grundvelli framangreindrar kortlagningar og rýni fékk hópurinn einnig það verkefni að setja fram tillögur að valkostum um hvernig stuðla megi að hagkvæmni í þjónustunni og hægja á útgjaldavexti.

Starfshópurinn hefur unnið að gerð skýrslu þar sem þeir meginþættir sem nefndir eru hér að framan eru kortlagðir, greindir og kynntar tillögur ríkis og sveitarfélaga um hvaða lausnir séu best til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem að framan greinir.

Með því samkomulagi sem nú liggur fyrir til samþykktar er verið að ná endanlegri niðurstöðu um fyrsta áfanga skipunarbréfsins um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk með vísan til 3. gr. samkomulagsins. Eftir standa því áfangar 2 – 4 sem skilgreindir eru í skipunarbréfinu og er gert ráð fyrir því að skipaður verði nýr starfshópur til að ljúka þeim áföngum en þeir verða:

1. Haldið verði áfram með kortlagningu, greiningu og gerð tillagna um ábyrgðar- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem lýtur að:
 - Stöðu og framtíð barna og ungmenna með fjölþættan vanda.
 - Stöðu og framtíð einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa verið dæmdir til öryggisþjónustu.
 - Stefnu og framkvæmdaáætlun til 7-10 ára um framtíðaruppbyggingu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.
 - Stöðu og framtíð þjónustu við ungt fólk á hjúkrunarheimilum.Þessari vinnu verður lokið 1. júní 2024.
2. Framtíðarhópur með fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og fulltrúum fatlaðs fólks verði skipaður til að vinna að frekari úrvinnslu þeirra verkefna sem núverandi starfshópur hefur unnið að og koma m.a. fram með tillögur lausn þeirra. Hópurinn tæki til starfa 1. janúar 2024 og skilaði áfangatillögum 1. júní 2024.

þjónustu og verða ekki gerðar frekari breytingar á fjárhagsramma málaflokksins vegna þessa nema til laga- eða reglugerðarbreytingar komi sem hafi íþyngjandi áhrif á rekstur sveitarfélaganna vegna málaflokksins.

Með samkomulaginu eru aðilar sammála um að endurskoða þurfi fyrirkomulag þjónustunnar þannig að hún taki mið af þróun tekjustofna, verði sambærileg á milli sveitarfélaga og auki hagkvæmni í málafloknum. Samkomulaginu er jafnframt ætlað að tryggja bætta afkomu sveitarfélaga á grundvelli núverandi þjónustustigs lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Kristinn Jónasson

From: Pétur Magnús Birgisson <petur.birgisson@fjr.is>
Sent: föstudagur, 15. desember 2023 14:52
To: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Subject: Breyting á útsvari 2024 og staðfesting

Some people who received this message don't often get email from petur.birgisson@fjr.is. [Learn why this is important](#)

Góðan daginn,

Vakin er athygli á eftirfarandi frétt:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/12/15/Samkomulag-undirritad-milli-rikis-og-sveitarfelaga-um-breytingu-a-fjarmognun-thjonustu-vid-fatlad-folk/>

- 0,23% breyting
- Hámark útsvars fer úr 14,74% í **14,97%**
- Tekjuskattur lækkar samhliða á móti.

Að því tilefni óskar Fjármála- og efnahagsráðuneytið eftir staðfestingu á útsvari 2024 með tilliti til samkomulags.

Þar sem breytingin kemur seint er sveitarfélögum gefin frestur til 30. desember.

Það nægir að svara þessum pósti.

Með bestu kveðju,
Pétur Magnús



Pétur Magnús Birgisson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa skattamála / Department of Taxation
Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Ministry of Finance and Economic Affairs
Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9200
www.fjarmalaraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

RE: Breyting á útsvari 2024 og staðfesting

Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>

Fri 12/15/2023 3:59 PM

To: Pétur Magnús Birgisson <petur.birgisson@fjr.is>

Cc: Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Sæll Pétur Magnús.

Snæfellsbær mun styðjast við hámarksútsvar, var það samþykkt á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar sem þýðir að það verður 14,97%.

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson

Bæjarstjóri Snæfellsbæ

E-mail: kristinn@snb.is

Farsími: 894-7575

Snæfellsbær


Klettsbúð 4, Hellissandi

360 Snæfellsbær

<http://www.snb.is/>

Sími: +354-433-6900

Fax: +354-433-6901



From: Pétur Magnús Birgisson <petur.birgisson@fjr.is>

Sent: Friday, December 15, 2023 2:52 PM

To: Fjármála- og efnahagsráðuneytið <fjr@fjr.is>

Subject: Breyting á útsvari 2024 og staðfesting

Some people who received this message don't often get email from petur.birgisson@fjr.is. [Learn why this is important](#)

Góðan daginn,

Vakin er athygli á eftirfarandi frétt:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/12/15/Samkomulag-undirritad-milli-rikis-og-sveitarfelaga-um-breytingu-a-fjarmognun-thjonustu-vid-fatlad-folk/>

- 0,23% breyting
- Hámark útsvars fer úr 14,74% í **14,97%**
- Tekjuskattur lækkar samhliða á móti.

Að því tilefni óskar Fjármála- og efnahagsráðuneytið eftir staðfestingu á útsvari 2024 með tilliti til samkomulags.

Þar sem breytingin kemur seint er sveitarfélögum gefin frestur til 30. desember.

Það nægir að svara þessum pósti.

Með bestu kveðju,
Pétur Magnús



Pétur Magnús Birgisson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa skattamála / Department of Taxation

Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Ministry of Finance and Economic Affairs

Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9200

www.fjarmalaraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)